

Ed.

206. Frumvarp til laga

[181. mál]

um breyting á lögum nr. 103/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

20. gr. laganna (1. gr. 1. 103/1980) orðist svo:

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekanda skal vera 3% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var áður flutt á 107. löggjafarþingi. Það gerir ráð fyrir 1%-hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er flutt til þess að afla tekna til aukinna fæðingarorlofsgreiðslna, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari beytingum. Á fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjald atvinnurekenda nemi 595 milljónum króna og miðað við þá upphæð er hér um að ræða nær 300 milljón króna tekjuaukningu ríkissjóðs. Nemur þessi tekjuaukning ríflega tveimur þriðja þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér.

Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 er hagur atvinnurekstrar í landinu, að undanskildum sjávarútvegi, allgóður um þessar mundir. Á það einkum við um verslun, iðnað og ýmsar greinar þjónustu og munu þessar atvinnugreinar því auðveldlega geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til.

Bætt aðstaða foreldra og ungbarna, sem lenging fæðingarorlofs felur í sér, skilar sér án nokkurs vafa í heilbrigðari einstaklingum. Á það jafnt við um börn sem í hlut eiga og um foreldra þeirra sem nú eru uppistaða vinnuafis í landinu. Öllum atvinnurekstri er hagur að því að fá til starfa heilbrigða einstaklinga og því er sjálfsagt að atvinnurekendur leggi nokkuð af mörkum til þess að svo megi vera.